

Því úrskurðast:

Hin umbeðna gerð skal fram fara á ábyrgð gerðarbeiðanda.
Málskostnaður falli niður.

Föstudaginn 5. apríl 1946.

Nr. 97/1945. **Réttvísín og valdstjórnin**
(Hrl. Hermann Jónasson)
gegn

Steini Jónssyni (Hrl. Lárus Jóhannesson)
og

Réttvísín (Hrl. Hermann Jónasson)
gegn

Guðmundi Kristjánssyni
(Hrl. Lárus Jóhannesson).

Setudómari próf. Ísleifur Árnason
í stað hrd. Jónatans Hallvarðssonar.

Brot á verðlagsákvæðum og á 147. gr. laga nr. 19/1940.

Dómur hæstaréttar.

Með verknaði þeim, sem lýst er í hinum áfrýjaða dómi, hefur ákærði Steinn Jónsson brotið reglur viðskiptaráðs frá 14. desember 1943, og varðar það við 2. málgr. 9. gr. laga nr. 3/1943. Með því að leggja hinn ranga reikning fyrir verðlagsyfirvöldin hefur hann einnig gerzt sekur við 147. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Þykir refsing hans með hliðsjón af 77. gr. sömu laga hæfilega ákveðin 2500 króna sekt til ríkissjóðs, og komi 20 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan fjögurra vikna frá birtingu þessa dóms.

Frá þeirri fjárhæð, sem í héraðsdómi er talin ólöglegur ágóði ákærða Steins Jónssonar, ber að draga sölulaun bóksala, 20%. Verður hinn ólöglegi gróði því kr. 3540.00 ÷ kr. 708.00 = kr. 2832.00, sem ber að gera upptækan ríkissjóði til handa.

Brot ákærða Guðmundar Kristjánssonar er í hinum

áfrýjaða dómi réttilega talið varða við 147. gr. hinna almennu hegningarlaga nr. 19/1940. Þykir refsing hans hæfilega metin 2000 króna sekt til ríkissjóðs, og komi 18 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan fjögurra vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdóms um greiðslu sakarkostnaðar í héraði staðfestist. Ákærðu greiði in solidum allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda í hæstarétti 400 krónur til hvors.

D ó m s o r ð :

Ákærði Steinn Jónsson greiði 2500 króna sekt í ríkissjóð, og komi 20 daga varðhald í stað sektarinnar, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði Guðmundur Kristjánsson greiði 2000 króna sekt í ríkissjóð, og komi 18 daga varðhald í stað sektarinnar, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu þessa dóms.

Ólöglegur ágóði ákærða Steins Jónssonar, 2832 krónur, skal vera upptækur ríkissjóði til handa.

Ákvæði héraðsdóms um greiðslu sakarkostnaðar í héraði staðfestist.

Ákærðu greiði in solidum allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda í hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Hermanns Jónassonar og Lárusar Jóhannssonar, 400 krónur til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur aukaréttar Reykjavíkur 15. maí 1945.

Ár 1945, þriðjudaginn 15. maí, var í aukarétti Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu réttarins af Ragnari Jónssyni, settum saka-dómara, upp kveðinn dómur í málinu nr. 771—772/1945: Réttvisin og valdstjórnin gegn Steini Jónssyni og réttvisin gegn Guðmundi

Kristjánssyni, sem tekið var til dóms 11. sama mánaðar. Mál þetta er af réttvísinnar og valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn Steini Jónssyni lögfræðingi, Laugavegi 39 hér í bæ, fyrir brot gegn XV. kafla almennra hegningarlaga nr. 19 12. febrúar 1940 og verðlagslöggjöfinni og af réttvísinnar hálfu gegn Guðmundi Kristjánssyni prentsmiðjustjóra, Bergþórugötu 23 hér í bæ, fyrir brot gegn XV. kafla almennra hegningarlaga nr. 19 12. febrúar 1940.

Ákærði Steinn Jónsson er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 20. september 1911, og hefur hvorki sætt ákæru né refsingu, svo kunnugt sé.

Ákærði Guðmundur Kristjánsson er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 17. júlí 1910, og hefur eigi sætt refsingu, svo kunnugt sé, en hinn 19. maí 1941 sætti hann aðvörun fyrir brot gegn 6. og 4. gr. tilskipunar frá 9. maí 1855.

Með bréfi, dagsettu 19. desember síðast liðinn, kærði verðlagsstjóri hana ákærðu fyrir brot í sambandi við útgáfu bókarinnar „Afmælisdagar“, er ákærði Steinn gaf út á síðari hluta síðast liðins árs. Segir svo í kærinni, að samkvæmt auglýsingu viðskiptaráðs frá 14. desember 1943 skuli útgefendur bóka leita samþykkis verðlagsstjóra á verði þeirra. Séu þeir þá ávallt krafðir upplýsinga um útgáfukostnað og upplagsstærð bókarinnar og, ef ástæða þykir til, látnir sanna upplýsingar sínar með reikningum frá þeim, sem unnið hafa verk þau, sem um er að ræða. Fyrir skömmu hafði ákærði Steinn fengið staðfest 60 króna verð á nefndri bók og hafi hann í því sambandi sagt upplag hennar vera 2500 eintök og afhent meðal annars reikning um prentunarkostnað frá Alþýðuprentsmiðjunni, þar sem upplagið er talið 2500 eintök. Verðlagsstjóri kveðst svo hafa komizt að raun um, að upplagið hafi verið 5000 eintök, og hafi báðir ákærðu í viðtali viðurkennt, að svo væri. Er því haldið fram í kærinni, að hefði rétt verið sagt til um upplagsstærðina, hefði verð bókarinnar orðið 50 krónur eintakið og hafi 60 króna verðið fengizt staðfest vegna rangra upplýsinga um upplagsstærðina. Kveðst verðlagsstjóri hafa fyrirskipað útgefandanum að lækka verð bókarinnar niður í 50 krónur eintakið. Hann telur mjög torvelt að komast að, hverju ólöglegur hagnaður hafi numið, en hefði brot þetta, er verðlagsstjóri telur vera, ekki komizt upp, hefði ólöglegur ágóði getað numið 40 þúsund krónum.

Ákærði Steinn viðurkennir að hafa einn gefið út nefnda bók á síðast liðnu ári. Fyrst í stað hugsaði hann sér að gefa hana út í 2000 eintökum, en ákvað síðar að hafa upplagið 2500 eintök. Alþýðuprentsmiðjan tók að sér prentun bókarinnar, og samdi ákærði Steinn við forstjóra prentsmiðjunnar, ákærða Guðmund, um hana. Þar sem lítil prentun var á bókinni, vildi ákærði Steinn fá afslátt af prentunarkostnaðinum, og varð það að samkomu-

lagi, að til uppbótar á prentunarkostnaði hinna 2500 eintaka skyldi prentuð ákærða Steini að kostnaðarlausu önnur 2500 eintök. Voru þannig alls prentuð 5000 eintök bókarinnar. Ákærði Steinn bað ákærða Guðmund um reikning yfir prentunarkostnaðinn og að setja á hann eintakafjöldann 2500. Þetta gerði ákærði Guðmundur, og er reikningurinn tímasettur í október síðast liðnum. Kveðsi ákærði Guðmundur hafa talið, að greiðslan væri fyrir nefndan eintakafjölda, og því eigi greint aðra eintakatölu í reikningnum. Ákærði Steinn sagði honum ekki, að hann ætlaði að leggja reikninginn fyrir verðlagsstjóra vegna verðákvörðunar á bókinni, en hann taldi þó vist, að svo væri. Hann vissi ekki, við hvaða eintakafjölda ákærði Steinn ætlaði að miða verð bókarinnar í viðræðum sínum við verðlagsstjóra, en gerði frekar ráð fyrir, að það yrði ekki hærrí eintakafjöldi en á reikningnum stóð.

Ákærði Steinn átti viðræður við fulltrúa verðlagsstjóra um verð bókarinnar, áður en nefndur reikningur var gerður. Í þessum viðræðum nefndi ákærði eigi annan eintakafjölda en 2500. Hin 2500 eintökin nefndi hann ekki, sökum þess að hann bjóst við, að ef hann skýrði frá þeim, yrði verð bókarinnar miðað við 5000 eintök, og þyrfti þá að selja 2000—3000 eintök til að fá upp í kostnað, en ákærði gerði ekki ráð fyrir mikilli sölu bókarinnar. Segir hann tilgang sinn hafa verið að gefa út 2500 eintök og ekki fleiri, en um hvað við hinn hluta upplagsins skyldi gera, var hann óráðinn. Hefði bókina selzt vel, kveðst hann hafa ætlað að gefa hin 2500 eintökin út sem 2. útgáfu og þá að sjálfsögðu snúa sér til verðlagsstjóra um verðlag hennar. Ef þessi hefði ekki orðið raunin, kom honum til hugar að selja afgangsupplagið fyrir slump. Upplýst er, að ákærði Steinn samdi við Nýja bókbandið um að binda bókina í 2500 eintökum. Bókhandið tók að sér geymslu þess upplags, er þar var fram yfir, en ekki bað ákærði um band á það. Ákærði Steinn og fulltrúi verðlagsstjóra eru sammála um, að þeir hafi átt nokkur samtöl saman um verð bókarinnar, áður en ákærði afhenti reikning prentsmiðjunnar, og að í þeim samtölum hafi verið áætlað um verð bókarinnar, en að endanlegt verð muni eigi hafa verið ákveðið, fyrr en eftir að ákærði lagði prentunarreikninginn fyrir verðlagsstjóra.

Þegar verðlagsstjóri lagði fyrir ákærða að lækka verð bókarinnar, gerði ákærði það strax. Á þessum tíma höfðu verið afgreidd til áskrifenda 245 eintök bókarinnar, og kostaði hvert kr. 55.00. Eftir því sem fyrir liggur, hefur ákærði endurgreitt áskrifendum 5 krónur af hverju eintaki. Á þessum tíma höfðu bóksalar, eftir því sem fyrir liggur, selt 354 eintök á kr. 60.00 hvert, kr. 10.00 of hátt hvert eintak, eftir því sem verðlagsstjóri heldur fram, og ætti ólöglegur ágóði eftir því að vera kr. 3540.00. Þykja málavextir nú hafa verið nægilega raktir.

Samkvæmt 2. gr., 2. mgr., laga nr. 3 13. febrúar 1943 um verðlag, sbr. tilkynningu viðskiptaráðs frá 14. desember 1943 um verðlag á bókum, var ákærða Steini skylt að skýra verðlagsstjóra frá upplagsstærð bókarinnar. Hver, sem ætlun ákærða hefur verið um sölufyrirkomulag bókarinnar, bar honum, eins og á stóð, að skýra verðlagsstjóra frá, hve stórt upplag hafði verið prentað af henni. Þar sem hann greiði þetta ekki, hafi hann gerzt brotlegur við 146. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 9. gr. 1. mgr. verðlagslaganna, og við sömu greinar varðar notkun hans á hinum ranga reikningi Albýðuprentsmiðjunnar.

Með útgáfu reiknings þessa, eins og á stóð, hefur ákærði Guðmundur gerzt brotlegur við 147. gr. almennra hegningarlaga.

Þykir refsing ákærða Steins eftir atvikum hæfilega ákveðin 1500 króna sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald í 50 daga í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Refsing ákærða Guðmundar þykir eftir atvikum hæfilega ákveðin 1000 króna sekt til ríkissjóðs, og komi 40 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Þar sem 60 króna verðið var meðal annars byggt á hinum röngu upplýsingum um upplagsstærðina, en verðið var ákveðið 50 krónur að fengnum réttum upplýsingum um hana, þykir ólöglegur ágóði ákærða Steins af broti sínu vera krónur 3540.00, eins og áður segir, og ber að gera hann upptækan ríkissjóði til handa.

Hina ákærðu ber að dæma in solidum til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, hrl. Lárusar Jóhannessonar, kr. 500.00.

Rekstur málsins hefur verið vitalaus.

Þvi dæmist rétt vera:

Ákærði Steinn Jónsson greiði 1500 króna sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald í 50 daga í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði Guðmundur Kristjánsson greiði 1000 króna sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald í 40 daga í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ólöglegur ágóði ákærða Steins, kr. 3540.00, er upptækur ríkissjóði til handa, og greiði ákærði hann innan 15 sólarhringa frá birtingu dóms þessa.

Ákærðu greiði in solidum allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda þeirra, hrl. Lárusar Jóhannessonar, kr. 500.00.

Dómi þessum skal fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.